# MORGUNSÓLIN

Lag og texti:
Margrét Ólafsdóttir




Morgunsólin mild og hlý
mætt er hér á glugga,
eins og vilji hún enn á ný
alla sára hugga.

Þú sem ert á himni hátt,
hefur gleði dagsins,
kærleiksvitund okkar átt,
allt til sólarlagsins.